



Greinargerð

Hjallanes 2 er í Rangárbíngi ytra, landnr. 164978. Jörðin er lögbýli en stærð hennar er ekki skráð í fasteignamati. Aðkoma að Hjallanesi er um Landveg nr. 26 og um Hjallanesveg nr. 2781. Skipt er út tveim lóðum, Bjallabrún og Þórðarhóll, úr jörðinni. Áður hefur verið skipt út úr Hjallanesi 2 tveim lóðum:
 - lóð fyrir íbúðarhús, landnr 210730, skráð stærð 1.200m².
 - lóð austan Hjallanesvegur, Hulduseli, landnr. 165026, skráð stærð er 3,7 ha.
 Hjallanes 2 á upprekstrarrétt á Landmannafrétt og aðild að Veidifélagi Landmannafréttar.
 Óstaðfest mörk jarðarinnar eru sýnd á uppdrætti hér til hliðar sem gerður er eftir uppdrætti loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Bjallabrún

Spilda vestan Hjallanesvegur nr. 2781. Spildan afmarkast að austanverðu af línu, dregin um 7 m vestan miðlínu Hjallanesvegur, af mörkum við Hjallanes 2 að norðan og vestan og af mörkum við Þórðarhól að sunnan. Bjallabrún er 1.44 ha að stærð. Landið er að hluta til ræktað og hallar til vesturs. Gerður verður nýr aðkomuvegur að spildunni af Hjallanesvegi. Kvöð er á jörðinni um aðkomu að lóðinni.

Þórðarhóll

Spilda vestan Hjallanesvegur nr. 2781. Spildan afmarkast að austanverðu af línu, dregin um 7 m vestan miðlínu Hjallanesvegur, af mörkum við Bjallabrún að norðan og af mörkum við Hjallanes 2 að vestan og sunnan. Spildan er 1,87 ha að stærð. Landið er óræktað hallar til suðurs og suðvesturs. Gerður verður nýr aðkomuvegur að spildunni af Hjallanesvegi. Kvöð er á jörðinni um aðkomu að lóðinni.

Hjallanes 2:

Eftir skiptin minnkar Hjallanes 2 um það sem nemur stærð spildna 1 og 2, eða um 3,31 ha. Jörðin heldur lögbýlisrétti sínum og landnúmeri og aðild að Veidifélagi Landmannafréttar og upprekstrarréttur á Landmannafrétt fylgir áfram jörðinni. Með önnur hlunnindi lands skulu mörk ráða. Mörk og hnit landspildu eru nánar sýnd á uppdráttum, hér að ofan og til hliðar, sem eru hluti þessarar skiptagerðar. Hnit eru í ISN93 landshnitakerfinu. Núverandi vegir eru sýndir á uppdrætti og eru kváðir á viðkomandi landspildum um aðgengi.

Undirrituð samþykkir mörk lóða; Þórðarhóls og Bjallabrúnar, úr landi Hjallanes 2 (landnr. 164978).

Dags: _____

HJALLANES 2 Í RANGÁRÞINGI YTRA

Bjallabrún og Þórðarhóll - lóðir

Suðurlandsvegi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.efla.is	Verk: 7401 - 001 Mkv: 1:25.000 / 1:5.000 Blaðstærð: A4	Dags: 18.09.2018 Breytt:
UNNIÐ: GLS / AJ / KDG	Samþykkt:	